

Niðurstaða

forsendunefndar ASÍ og SA vegna endurskoðunar kjarasamninga í febrúar 2018

Forsendunefnd ASÍ og SA, sem starfar skv. kjarasamningum aðila sem gerðir voru á tímabilinu maí til september 2015, hefur tekið til skoðunar tvær forsendur samninganna.

1. Mat á því hvort launastefna og launahækkunir kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og SA á árinu 2015 hafi verið stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði

Kjarasamningar aðila, sem gerðir voru á tímabilinu frá maí til september 2015 með viðbótum í kjarasamningi 21. janúar 2016 með vísan í rammisamkomulag aðila, dagsett 27. október 2015, byggðu á skýrum kostnaðarramma og launastefnu. Kostnaðarramminn var samningsbundin hækkun launakostnaðar að hámarki 32% frá nóvember 2013 til ársloka 2018. Launastefnan fólst m.a. í sérstakri launahækkun fyrir þá lægst launuðu.

Við endurskoðun samninga í febrúar 2017 var það samdóma niðurstaða forsendunefndarinnar að forsendan um að kjarasamningar SA og aðildarsamtaka ASÍ á árinu 2015 yrðu stefnumarkandi hefði brostið, sbr. undirritað skjal nefndarinnar dags. 28. febrúar 2017.

Samkomulag var milli samninganefndar ASÍ og framkvæmdastjórnar SA um að fresta viðbrögðum vegna þess forsendubrests þar til í febrúar 2018. Yrðu samningar sem lausir voru á árinu 2017 í samræmi við gildandi launastefnu myndi uppsagnarheimildin falla niður.

Ekki er eining í nefndinni um niðurstöðu hvað þennan lið varðar.

Afstaða ASÍ

Fulltrúar ASÍ í forsendunefnd telja að frá því að nefndin úrskurðaði síðast í febrúar 2017 hafi ekki náðst almenn sátt um ofangreinda launastefnu og því haldi uppsagnarheimildin gildi sínu.

Afstaða SA


Fulltrúar SA í forsendunefnd telja að þeir kjarasamningar sem gerðir hafa verið undanfarna tólf mánuði séu í samræmi við launastefnu rammisamkomulagsins og því ekki forsendur fyrir uppsögn kjarasamninga.

2. Aukinn kaupmáttur launa á samningstímanum

Að teknu tilliti til þess að kaupmáttur launa í ársbyrjun 2018 er umtalsvert meiri en við gerð kjarasamninga árið 2015 telur nefndin að þessi forsenda hafi staðist.

Reykjavík 27. febrúar 2018,

Fulltrúar ASÍ í forsendunefnd



Hlengiur Kring

Fulltrúar SA í forsendunefnd



Hannes G. Sigurðsson